

Fundargerð nr. 199

199. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga haldinn 10.5.2021 kl. 8:45 á Teams

Mætt: Kristín Magnúsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurjón Vídalín, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Ársreikningur TÁ 2020. Umræður um ársreikning. Ársreikningur samþykktur samhljóða.
2. Skólagjöld 2021-2022. Skólagjöld verða hækkuð um 2,5% samkvæmt verðbólguþéttum Seðlabankans.
3. Nýr ritari var ráðinn við Tónlistarskólann frá 1. mars 2021. Guðrún Helgadóttir var ráðin og bjóðum við hana velkomna til starfa. Einnig þökkum við Ragnhildi Magnúsdóttur fráfarandi ritara fyrir langt og farsælt starf.
4. Jafnlaunavottun. Farið verður í vinnu við jafnlaunavottun á árinu 2022.
5. Húsnæði. Erindi kom frá foreldri nemanda vegna kennsluhúsnæðis að Eyrarvegi 15 vegna einkenna sem hugsanlega gætu stafað af myglu. Mælt var fyrir myglu og voru þær mælingar innan eðlilegra marka.
6. Önnur mál. Óvenju margir nemendur voru í framhaldsnámi, 21 talsins, bæði í söng og hljóðfæranámi. Þetta er ánægjuleg þróun þar sem fleiri nemendur fara lengra í náminu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:20/KH

*Kristín Magnúsdóttir,
Kolbrún Haraldsdóttir,
Sigurjón Vídalín,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*